

**63. fundur skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 20. júní 2017 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Þórður Guðjónsson formaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Rakel Óskarsdóttir varamaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir varamaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Ingunn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1706066 - Mötuneyti skóla - úttekt á matseðlum.**

Skóla- og frístundaráð samþykkti á 60. fundi sínum að fela sviðsstjóra að taka tilboði frá Sýni ehf um úttekt á mötuneytum og matseðlum leik- og grunnskóla á Akranesi.

Guðrún Adólfssdóttir frá Sýni ehf, kynsir skýrslu úttektarinnar.

*Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að vinna að gerð grunnmatseðils fyrir leik- og grunnskóla á Akransi og áætlun um innleiðingu á þeim hugmyndum sem koma fram í skýrslu frá Sýni ehf. Fulltrúar starfshópsins verði yfirmenn mötuneyta leik- og grunnskólanna ásamt fulltrúa frá skrifstofu sviðssins sem jafnframt verði starfsmaður hópsins. Gerð verði fræðsluáætlun fyrir starfsmenn mötuneyta fyrir skólaárið 2017 -2018.*

*Sigurður Arnar vék af fundi kl. 18:30*

**2. 1706058 - Garðasel - starfsdagar**

Leikskólinn Garðasel óskar eftir tilfærslu á starfsdögum á skólaárinu 2017 -2018 vegna námsferðar.

*Erindið samþykkt.*

**3. 1706078 - Innritun í leikskóla á Akranesi**

Umfjöllun um eftirspurn eftir leikskólaplássi fyrir börn sem náð hafa tveggja ára aldri.

*Sviðsstjóra falið að vinna með sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að hugmynd að lausnum. Formanni skóla- og frístundasviðs og sviðsstjóra falið að koma með tillögur fyrir fund ráðsins í lok júlí.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.**

Póttur Guðjónsson  
Rannveig Guðjónsdóttir  
Engilbjörg Valdimarsdóttir  
Astríður Ólaf Ragnarsdóttir  
Sigrún Inga Guðnadóttir